



Námskeiðslýsing: „Að þroska eigin leiðtogahæfni”

Markmið og tilgangur:

Að efla stjórnunar-og leiðtogahæfni til árangurs:

- Ræða um hlutverk leiðtogans
- Skoða ólíkar aðstæður hans
- Að skilja og efla leiðtogahæfni
- Að búa til einstaklingsmiðaða stefnumótun

Námskeiðsyfirlit:

1. Þáttur: Kynning: Leiðtoginn og ólíkar aðstæður hans

Leitast er við að svara spurningum á borð við, „Til hvers þurfum við leiðtoga, og hvernig eiga leiðtogar að vera?“ Lagt verður til dæmi um hvað sé góður leiðtogi og hvernig hann vinnur. Að lokum verður svo gert grein fyrir mikilvægi leiðtogans í samhengi og gerð einstaklingsmiðuð skýrsla.

2. Þáttur: Kynning á leiðtogahæfni

Í þessum þætti verður litið á einstaka hæfni og gæði sem koma sér vel í leiðtogahlutverkinu. Þar á meðal má nefna helst hvað heilindi skipta veigamiklu máli. Við nefnum 4 atriði sem tengjast heilindum, sem við köllum víddir leiðtogahæfni.

3. Þáttur: Leiðtogahæfni: Heilsa

Í þessum þætti munum við kanna mikilvægi þess að ná þroska og þreki með því að huga að andlegri og líkamlegri heilsu. Í lífi okkar og starfi þurfum við að skapa ákveðið svigrúm til þess að mæta þeim þörfum, eða „fylla á tankinn okkar“.

4. Þáttur: Leiðtogahæfni: Viska

Í þessum þætti verður lögð áhersla á að þroska með sér visku og skynsemi, einkum hvað varðar hegðun okkar. Með aðstoð persónuleikakönnunar búum við til okkar eigin áætlun, sem tekur tillit til allra okkar styrkleika og veikleika. Með því að þekkja þá eigum við auðveldara með að hámarka styrkleika okkar og vinna í veikleikum.

5. Þáttur: Leiðtogahæfni: Samskiptahæfni

Í þessum þætti skoðum við hvernig við getum orðið fjölhæfari í samskiptum við aðra í leiðtogahlutverkinu, þannig að sem leiðtogi náí maður að tengjast fólki enn frekar til þess að stjórna því betur til að ná markmiðum. Með því að gera sér grein fyrir veikleikum og styrkleikum hvers annars náum við betri árangri í samskiptum og þar með gengur okkur betur að ná settum markmiðum.

6. Þáttur: Leiðtogahæfni: Þungamiðjan

Í þessum þætti skoðum við hvernig þungamiðjan okkar getur gengt veigamiklu hlutverki fyrir leiðtogann, þar sem hún tekur tillit til fleiri þátta leiðtogahæfni. Þungamiðjan getur hjálpað okkur til þess að upplifa líf með tilgang og svara lífsköllum okkar.